

Stjórnuþingur
Staðarsund 10
Kt: 621288-1219
240 Grindavík

Akranes 05.06.24

Þingmálsnúmer 1130

Umsögn vegna Stuðningsaðgerða v/Náttúrhamfara í Grindavík

Í ljósi atburðanna 10. nóvember 2023 og þeirra sem eftir hafa fylgt og eru „enn“ yfirstandandi, viljum við hjá Stjórnuþingi ehf, upplýsa ykkur um núverandi stöðu okkar.

Vegna yfirstandandi atburða hefur engin starfsemi verið í húsnæðni okkar að Staðarsundi 10 síðan 10. nóvember. Vegna skemmda á húsnæðni (sem eru töluverðar), lagnakerfi og fráveitukerfi er ónýtt, gatan sjálf ásamt bílplani er ónýtt, ástæðan er stærðarinnar sprungu sem liggur þar undir. Okkur er meinaður aðgangur að húsnæðni af Almannavörnum og Lögreglustjóra Suðurnesja, búið er að girða húsnæðni af vegna þess að svæðið telst stórhættulegt. Vegna þess sem hérna á undan var talið upp er ljóst að engin starfsemi mun vera þar um ófyrirséða framtíð.

Þetta er vinnsluhúsnæði sem var með öll leyfi frá MAST og Heilbrigðiseftirliti. Þarna var blómlegt fjölskyldu fyrirtæki sem hefur verið rekið slitulaust frá 1988.

Því miður er staðan þannig í Grindavík að þeim fækkar stöðugt sem höfðu væntingar um að fyrirtæki þeirra gætu starfað áfram í Grindavík.

Þessar aðstæður sem nú eru komnar upp kalla á rótækari aðgerðir stjórnvalda heldur en þetta frumvarp fjallar um. Að vera í atvinnurekstri er að sjálfsögðu áhættusamt en þessar aðstæður sem við erum að vera vitni að nú í dag eru fordæmalausar og orsaka það að langflest lítil og meðalstór fyrirtæki hafa ekki bolmagn til að starfa við þessar aðstæður. Því er það beiðni mín að stjórnvöld styðji það að fyrirtæki geti haldið áfram starfsemi með því að ríkið bjóðist til að kaupa atvinnuhúsnæði lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem ekki hafa bolmagn til að starfa undir þessum kringumstæðum.

Að auki hefur starfsfólk okkar flutt frá Grindavík og tjáð okkur að það komi ekki aftur til starfa á Grindavík svæðinu.

Virðingarfyllt

Þorlákur Grímur Halldórsson

Forstjóri og eigandi